

„Afmæli þú átt í dag, út af því við syngjum lag“ var lýsandi fyrir stemninguna þegar félagskonur söfnuðust saman í golfskála Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar 1. júní sl. í 40 ára afmælisfagnað Gammadeildar.

Boðið var upp á afmælisfordrykk og hafði afmælisnefndin í samráði við stjórnina undirbúið glæsilega hátíð en í nefndinni voru: Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir og Edda Vikar Guðmundsdóttir.

Hafði nefndin látið útbúa laglegt bókamerki sem var sett við hvern disk og söngvar Eyglóar Eyjólfsdóttur einnig settir fallega upprúllaðir á borðin. Um tónlistina sá Hildur Jóhannesdóttir, sönghefti voru á borðum og mikið sungið allt kvöldið eins og vera ber í góðum fagnaði.

Ingibjörg formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar. Bauð hún sérstaklega velkomna boðsgesti kvöldsins, nýjar verðandi Gammasystur þær: Hönnu Halldóru Leifsdóttur, Renötu Peskovu, Bryndísi Jónu Jónsdóttur og Hrefnu Sigurjónsdóttur og formann DKG á Íslandi, Eygló Björnsdóttur sem einnig ávarpaði afmælissamkomuna.

Soffía flutti orð til umhugsunar og talaði um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, sem er ný af nálinni en mikil þörf er fyrir. Ingibjörg formaður Gammadeildar hafði tekið saman ágrip af sögu deildarinnar og verður ræða hennar sett inn á heimasíðuna okkar fljótlega.

Stofnfélagar voru heiðraðir en þær eru: Pálína Jónsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Bryndís Steinþórsdóttir og sérstaka viðurkenningu fengu þær Sigríður Jónsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Happdrættið sló algerlega í gegn og söfnuðust 58.000 krónur. Félagskonur voru duglegar að safna vinningum og gáfu margir, bæði einstaklingar og fyrirtæki, rausnarlega vinninga.

Ingibjörg formaður gaf deildinni frumortan texta eftir Kristján Hreinsson, óð til Gammadeildar í tilefni 40 ára afmælisins. Var óðurinn loklag afmæliskvöldsins áður en fundi var slitið og slökkt á kertunum og heimleiðis haldið á björtu sumarkvöldi.

Ágrip af sögu Gammadeildar

Flutt á 40 ára afmælishátíð 1. júní 2017.

Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

Það eru merk tímamót og margs að minnast á 40 ára afmæli Gammadeildarinnar. En á þessari afmælishátíð er ekki við hæfi að rekja söguna mjög nákvæmlega en ég tel þó nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir upphafi Delta Kappa Gamma á Íslandi hér í dag.

Það var í nóvember árið 1975 sem kona að nafni Marie Pierce kom til landsins þeirra erinda að stofna hér deild í Delta Kappa Gamma, alþjóðlegum samtökum kvenna í fræðslustörfum. Með töfrandi persónuleika og góðum málflutningi tókst henni að hrífa með sér 18 konur og áður en þær gátu vörnum við komið var hún búin að stofna hér Alfa-deild, búin að kveðja og farin. Þær vissu naumast í hvers kyns félagsskap þær voru komnar. Það var einkum tvennt sem vakti áhuga þeirra, annars vegar töfrandi persónuleiki Marie Pierce og hitt var að þetta voru samtök kvenna sem voru ekki bundin neinu ákveðnu skólastigi, þetta voru samtök sem unnu að fræðslumálum frá leikskóla til háskóla og við stofnanir sem allar tengdust menntun og fræðslumálum.

Þann 28. mars 1977 var landssambandið stofnað af dr. Inez Jeffrey, útbreiðslustjóra samtakanna að viðstöddum 50 konum frá Bandaríkjunum og Kanada. Smátt og smátt fjölgaði deildum og þann 5. júní 1977 var Gammadeildin svo stofnuð við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu. Það voru 13 konur teknar inn í deildina á þessum stofnfundi en nokkrar sem hafði verið boðin þátttaka voru erlendis og voru því teknar inn í deildina vorið 1978 á fundi á Laugavatni. Betadeildin á Akureyri var stofnuð 2. júní sama ár. Í dag eru deildirnar orðnar 13 og félagskonur um 330.

Fyrsti formaður Gammadeildar var Pálína Jónsdóttir og eigum við henni og öðrum frumkvöðlum mikið að þakka. Það tókst strax á fyrstu árunum að skapa samheldni í hópnum og mynda hefðir sem gefa starfinu ákveðna festu.

Við þekkjum allar að það er mikils virði að vanda til verka í byrjun, því það skilar sér ávallt.

Fjöldi funda í Gammadeild yfir veturinn er að jafnaði 8-9 fundir og fer eftir dagsetningum á vorþingi og landssambandsþingi. Staðsetning funda fer nokkuð eftir efni fundarins hverju sinni en við höfum reynt að halda í þá hefð að vera líka í heimahúsum og njótum þess að þjappa okkur saman í betri stofum félagskvenna. Jólafundur er t.d. alltaf í heimahúsi og

vorfundir hafa oft verið í sumarhúsum félagskvenna. Mæting á fundi er yfirleitt mjög góð og er deildin þekkt fyrir það en eins og ein góð kona sagði við mig eitt sinn “Til hvers er ég í félagi ef ég mæti ekki á fundi? Og eins og önnur merk kona í Gammdeildinni sagði líka “það er svo mannbætandi að mæta á fundina”.

En þó deildarfundir séu mikils virði þá er líka nauðsynlegt að taka þátt í starfinu á landsvísu og jafnvel líka á erlendum vettvangi. Við erum hluti af stórri heild þar sem allar konur eru mikilvægur hlekkur í því að vinna að sömu markmiðum. Gammakonur hafa yfirleitt sótt vel vorþing og landssambandsþing, tekið saman rútur og skemmt sér vel saman og sýnt samtakamátt sinn á þann veg. Tvisvar höfum við t.d. farið saman vestur á Ísafjörð og notið gestrisni Stellu, okkar konu sem býr orðið í Heydal, austur á Firði og nú síðast fórum við margar á landssambandsþingið til Akureyrar og var það mjög skemmtilegt.

Það er mikils virði að fylgja markmiðum samtakanna og hafa stefnu vetrarins ávallt skýra og þar sem allar konur í Delta Kappa Gamma eru uppteknar konur þá þarf dagskrá vetrarins að liggja fyrir að hausti.

Fyrsti fundur haustsins er alltaf með sérstökum blæ og nú á síðustu árum er byrjað á því að skoða listsýningu og borðað saman á eftir og dagskrá vetrarins kynnt.

Að undanfögnu hef ég eytt mörgum góðum stundum í að lesa fréttabréf fyrri ára og var það virkilega áhugavert. Þá er líka mjög lærdómsríkt að lesa bókina sem gefin var út á 20 ára afmæli landssambandsins árið 1997 en þar er að finna sögu þess tímabils í hnotskurn.

Við lestur fréttabréfanna kemur svo vel í ljós að virkni Gammadeildar hefur verið mikil. Einhverju þema eru gerð góð skil á hverju ári allt eftir því hvað efst er á baugi í uppeldis- og skólamálum fyrst og fremst á Íslandi en oft hefur líka verið tekið mið af því sem alþjóðasamtökin setja á oddinn á hverju kjörtímabili.

Lagafrumvörp sem snerta uppeldi og fræðslu hafa oft verið tekin til umfjöllunar á deildarfundum og fengnir fyrirlesarar innan og utan samtakanna til að fræða félagana um málefnið. Sem dæmi má taka þegar lögð voru fram á Alþingi 1981 “Lög um málefni fatlaðra” þá voru þau rækilega kynnt og rædd og endaði sú vinna með því að Alþingi voru sendar tillögur til breytinga á frumvarpinu. Sama gerðist við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna 1996 en þá var skipuð nefnd af landssambandinu og skilað álit til Alþingis.

Áhrif myndefnis á börn og unglinga var tvívegis tekið til umfjöllunar í Gammdeildinni og var árangurinn af þeirri umræðu og vinnu mikill. Veggspjald tengt því efni var gefið út árið 1990 og dreift á ýmsa staði í byrjun árs 1991. Það var síðan endurprentað árið 1995 með sama texta og gefið út í 1000 eintökum. Við eigum nokkur veggspjöld frá þessu verkefni og má sjá þau hér á veggjum, bara eitt eintak finnst af því fyrra en nokkur eru til af því síðara. Hver veit nema tími sé nú til að snúa sér að notkun tölva í uppeldi og kennslu barna?

Mig langar að telja hér upp nokkur verkefni eða þemu sem hafa verið ársverkefni Gammadeildar í gengum árin. Þetta er bara smá sýnishorn:

Margmiðlun – fjarkennsla

Kynningar á upplýsingatækni á framhaldsskólastigi.

Einelti, hvað er til ráða?

Sagt frá meistaraþrófsritgerðum og doktorsverkefnum.

Kennsluhættir á unglingastigi.

Listgreinakennsla í skólum.

Fjölmenningarlegt samfélag.

7. grein markmiðanna: Að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum.

Samfelld starfsmenntun.

Kynnt lagafrumvörp, t.d. frumvarp um framhaldsskólann og frumvarp um kennaramenntun.

Raunfærnimat.

Konur í listum og rekstri.

Sérkennsla og móttökudeildir

Frumkvöðlar í grasrótinni.

Að lifa og læra í lýðræði.

Jaðarhópar í þjóðfélaginu í víðu samhengi.

Að efla borgaravitund og lýðræði í skólastarfi.

Þá hafa málefni innflytjenda oft verið á dagskrá og voru það svo sannarlega á síðasta ári og spurning hvort við höldum því áfram.

Árið 2003 var haldið Evrópuþing á Íslandi og þótti það takast með miklum ágætum. Enn heyrum við frá öðrum löndum að það sé ekkert þing sem hafi síðan verið eins flott og vel skipulagt og þetta þing. Formaður undirbúningsnefndar var okkar kona Sigríður Jónsdóttir og tók undirbúningurinn langan tíma. Fjöldi nefnda var að störfum og nú er ljóst að Evrópuþing verður aftur haldið hér árið 2019 og ég hvet ykkur til að bjóða ykkur fram til undirbúnings þess þings.

Það yrði of langt mál að gera grein fyrir öllum landssambandsþingum en tek dæmi um 30 ára afmælið sem haldið var í Reykholti í Borgarfirði. Efni þingsins var:

Konur í fræðslustörfum á Íslandi í þrjátíu ár og sýn til næstu 10 ára.

Mikill undirbúningur var fyrir þingið og m.a. gefin út bókin Þekking – Þjálfun – Þroski. Þar er að finna fræðigreinar eftir konur í samtökunum og það var verulega vandað til þessarar útgáfu. Listamaðurinn Philippe Ricart var ráðinn til að vefa bókamerki með einkennisstöfum samtakanna og var gestum gefið bókamerkið á þinginu. Allar deildir komu með skemmtiatriði á þingið og allar deildir tóku saman kynningu á sinni deild sem sett var upp á sögusýningu. Þá var opnaður vefur samtakanna og afhjúpaður fáninn sem hér stendur. Tvær konur voru heiðraðar þær Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og dr. Þuríður Kristjánsdóttir en hún var fyrsti forseti landssambandsins á Íslandi.

Á þetta þing mættu 100 konur og er stærsta landssambandsþing sem haldið hefur verið.

Mig langar að segja ykkur eina skemmtisögu frá þessu þingi:

Þannig var að stjórn landssambandsins hafði ákveðið að heiðra tvær konur á þinginu. Önnur var dr. Þuríður Kristjánsdóttir sem var fyrsti forseti landssambandsins á Íslandi og hin var Guðrún Helgadóttir, rithöfundur.

Ég hafði verið í sambandi við Guðrúnu um hvernig hún kæmist upp í Reykholt og hún sagðist bara taka rútu þar sem bíllinn hennar væri orðinn óttalegur ræfill. Þegar líða tók á laugardaginn og athöfnin átti að fara fram við hátíðlega athöfn fyrir hátíðarkvöldverðinn fór mig að lengja eftir Guðrúnu. Ég náði loks í hana í síma og hún sagðist vera á leiðinni svo við biðum rólegar. Hún kom svo næstum á réttum tíma og athöfnin hófst. Þegar hún hafði tekið við sínu skjali og fallegum grip þá tók hún til máls.

Málið var að hún kom inn á BSÍ um morguninn og keypti miða í Reykholt með næstu rútu. Þegar hún var sest inn í rútna kom bílstjórinn og sagði farþegum að það yrði skipt um bíl á Selfossi. Guðrúnu fannst það sérkennilegt og spurði af hverju. Hann sagði að það væri alltaf gert og færi minni bíll alla leið í Reykholt. Þá kom í ljós að þessi rúta var að fara í Reykholt í Biskupstungum. Hvað var þá til ráða? Guðrún fór inn og sagði sínar farir ekki sléttar og bar sig illa við stúlkuna í afgreiðslunni og spurði hvenær rútan færi í Reykholt í Borgarfirði!! Stúlkan sagði að það færi rúta þangað á mánudag.

Þá stóð upp maður, nánar tiltekið leigubílstjóri úti í biðsalnum og sagði: Ég bara keyri þig Guðrún mín upp í Reykholt. Guðrún vissi nú ekki alveg hvernig hún ætti að taka þessu en þá sagði maðurinn glaðlega: Það má nú ekki minna vera, þú hefur glatt mig og fimm börnin mín með bókunum þínum í gegnum árin og ég bara skulda þér þetta.

Hann keyrði Guðrúnu síðan í Reykholt og þau áttu góðar stundir saman í bílnum á leiðinni og Guðrún kom á réttum tíma á hátíðina og sagði okkur frá þessu á sinn skemmtilega hátt.

Jótadeild á Ísafirði á sama afmælisdag og Gammadeildin og er núna 12 ára.

Eitt af því sem ég rakst á í fréttabréfi eftir þingið í Reykholti er einmitt pistil sem Steinunn Guðmundsdóttir í lotadeild skrifaði og á vel við hér í dag:

“Ég á erfitt með að draga eitthvað eitt fram yfir annað af því sem boðið var upp á í Reykholti. Ég nefni þó sérstaklega ávarp Dr. Beverly Helms, frá alþjóðasamtökunum. Það stafaði svo miklum ljóma og kærleika frá henni að ég varð alveg heilluð. Áhrifin af því að hlusta á hana og fylgjast með henni voru áþekkt áhrifunum sem við Jótakonur urðum fyrir þegar við hittum konurnar úr Gammadeild í Heydal við Ísafjarðardjúp haustið 2005. Áhrifin sem ég er að nefna og einkenndu allar konurnar á þinginu eru samheldni, vinátta, kærleikur og virðing. Þetta er það sem mér finnst einkenna starf Delta Kappa Gamma samtakanna og gefur mér svo mikið við að vera virk í samtökunum.”

Í þessari fyrri ferð okkar til Stellu sem Steinunn nefnir þarna voru gróðursettar trjáplöntur sem við fórum að skoða síðar og þá á leið okkar á vörping á Ísafirði.

Það er því hugur í félagskonum þegar vorvindarnir þjóta, farfuglarnir að kætast og allur gróður að vakna til lífsins eftir að hafa legið í vetrardvala. En félagskonur eru trúar einkunnarorðum samtakanna sem eru vinátta, hjálpsemi og trúmennska og þær liggja ekki í dvala.

Gammadeildin hefur hvergi slakað á í faglegri umræðu og fræðslu á þessum 40 árum og hafa verið mjög sýnilegar í öllu starfi DKG á Íslandi og í alþjóðlegu umhverfi í starfi samtakanna.

Bæði innan lands og utan hafa félagskonur í Gammadeild oft sýnt hvað í þeim býr. Þegar á reynir eru félagskonur sannkallaðar galdrakonur sem búa yfir alls kyns gáfum og göldrum. Þær ganga í verkin með bros á vör og eru snillingar í að fá aðra til samvinnu. Það er því kraftur og tilhlökkun sem einkennir starfsemi Gammadeildar á þessum tímamótum og einlæg von mín að svo verði um ókomna tíð. Við þurfum að styrkja hver aðra, standa þétt saman og muna að sérhver félagskona er dýrmæt og mikilvægur hlekkur í félaginu.

Ég óska okkur öllum til hamingju með afmælið og vona að vorvindarnir blási ætíð til okkar ilmi blóma og angan grósku.



GAMMADEILDIN FERTUG

Sem rósir eru konur sem lykilhlutverk hafa
þær hljóta sólargeisla og regn þær einnig fá,
þær láta sínar rætur í mjúka moldu kafa
og mæta öllum stormunum sem vilja þjóta hjá.

Og allar fagrar rósir mót lífsins ljósi springa
þær lifa fyrir gleði og vinsemd, hver og ein,
og þynnar þeirra beittir þeir vilja varla stinga
en verja allt það mikla stolt sem býr í grænni grein.

þær yndislegu konur sem lífsins mildi magna
þær meta sína stöðu í ljósi sannleikans,
þær eru blómarósir sem farsæld sinni fagna
sem fá þær með gleðinni að stíga lífsins dans.

Nú fjörutíu ára er hópur heilladísa
þær hampa þeirri birtu sem allir vilja sjá
og Gammadeildin þráir með ljósinu að lýsa
þá leið sem allir nemendur að menntun ratað fá.

Þær trúmennskuna sýna og hjálpseminni hrósa
þær hafa stolt og vilja, og fræðslan er þeim kær,
og vináttan er litur og ilmur allra rósa
sem eiga þátt í samstarfi sem farsæld skilað fær.

Að efla sanna menntun og bæta stöðu barna,
að byggja trausta grunna og kveikja fögur ljós,
að finna tilgang námsins og efla innsta kjarna
er auðvitað sú sigurvon sem býr í hverri rós.

(Kristján Hreinsson, 2017)

Fundarritari Helga Thorlacius.